

**Nd.**

#### **477. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun millipinganefndar í strandferðamálinu.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson, Árni Jónsson,  
Halldór Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögur um skipulag strandferðanna. Skal nefndin skipuð þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Eimskipafjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands, 1 eftir tillögum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands.

Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti. Nefndin kys sjer sjálf formann og starfar endurgjaldslaust. Tillögur hennar skulu lagðar fyrir næsta Alþingi.

#### **Greinargerð.**

Strandferðirnar eru næsta ófullnægjandi eins og þeim er nú fyrir komið. Ýmsir landshlutar verða mjög út undan og hljóta að dragast mjög aftur úr vegna samgönguleysis. Má t. d. minna á Austur-Skaftafellssýslu, suðurhluta og norðurhluta Múlasýslna, Norður-Þingeyjarsýslu, ýms hjeruð við Breiðafjörð og víðar. Úr þessu verður að bæta hið bráðasta, því að þótt Esja sje gott skip, þá er engin von til þess, að hún geti fullnægt allri strandferðaþörfinni.

Sennilegt er, að helst verði að taka þann upp, að fá skip í viðbót til strandferða, sem yrði aðallega vöruflutningaskip, en þó með dálitlu farþegarúmi. Gæti þá það skip tekið við vöruflutningi að einhverju leyti úr millilandaskipunum á hinar minni hafnir. En þetta er, eins og annað, verkefni fyrir nefndina að rannsaka.